

**Samningur um Evrópska  
efnahagssvæðið**

**Sameiginlega EES-nefndin**

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**

**nr. 13/98  
frá 6. mars 1998**

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn  
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/97 frá 12. desember 1997<sup>(1)</sup>.

Rétt er að auka samvinnu samningsaðilanna þannig að hún taki til aðgerðaáætlunar bandalagsins um heilsugæslu innan aðgerðarammans á sviði almannaheilbrigðis (1997 til 2001) (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1400/97/EB)<sup>(2)</sup>.

Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til að gera ráð fyrir að þessi aukna samvinna hefjist 1. janúar 1998.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. mgr. 16. gr. í bókun 31 við samninginn:

„ - **397 D 1400:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1400/97/EB frá 30. júní 1997 um samþykkt aðgerðaáætlunar bandalagsins um heilsugæslu innan aðgerðarammans á sviði almannaheilbrigðis (1997 til 2001)(Stjtið. EB nr. L 193, 22. 7. 1997, bls. 1).“

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 193, 22. 7. 1997, bls. 1.

2. gr.

Í stað 2. mgr. 16. gr. í bókun 31 komi eftirfarandi:

„2. EFTA-ríkin skulu taka þátt í áætlunum og aðgerðum bandalagsins sem um getur í fyrstu þremur undirliðum 1. mgr. frá 1. janúar 1996, í áætluninni sem um getur í fjórða undirlið frá 1. janúar 1997 og í áætluninni sem um getur í fimmta undirlið frá 1. janúar 1998.“.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. mars 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni. Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 1998.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður

F. Barbato

Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner